



Reykjavík, 22. apríl 2024

USK24040098

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lagfæringu gangstéttar við Norðlingabraut 2

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 17. apríl 2024:

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lagfæringu gangstéttar við Norðlingabraut 2, sbr. 34. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 10. apríl 2024.

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 10. apríl 2024:

„Lagt er til að gangstétt við horn Norðlingabrautar og Árvaðs, nánar tiltekið við suðurgafli verslunarmiðstöðvarinnar Norðlingabrautar 2, verði lagfærð. Rof er í gangstéttinni, sem getur skapað óþægindi og jafnvel hættu fyrir gangandi vegfarendur. Þá eru líkur á að ökumenn álykti ranglega að um bílastæði sé að ræða. Gangstéttin ætti að vera samfelld og steyptur kantur meðfram götunni. Um er að ræða fjölfarna gönguleið skólabarna.“

Svar við tillögu

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar hefur í samræmi við umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgar unnið að undirbúningi aðgerða til að bæta umferðaröryggi í borginni. Í hönnun er verkefni tengt umferðaröryggi skólabarna við Norðlingaholtsskóla með því að setja gangbraut og þrengingu við Árvað. Hluti af þeirri hönnun er lagfæring á umræddu svæði þar sem var áður innkeyrsla á lóð Norðlingabrautar 2.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds



Reykjavík